

//Á döfinni//

// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...:Öskudagur:...

Miðvikudaginn 14. febrúar er vinnudagur kennara og nemendur í fríi.



...:Foreldradagur:...

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara **fimmtudaginn 15. febrúar.**

Farið verður yfir námsframvindu, hegðun og liðan nemenda. Tímasetningar og gátlistar fyrir viðtalið fara heim með nemendum þegar nær dregur.

Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að fylla út gátlistann ásamt börnunum og koma með í viðtalið.

Aðrir kennarar verða á staðnum og tilbúnir til viðtals fyrir þá sem þess óska.

...:Starfskynning:...

14.-16. febrúar verða nemendur 10. bekkjar í starfskynningu og því ekki í skólanum.

...:Samræmd próf í 9. bekk:...

Samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku verður 7., 8. og 9. mars.



...:Porrinn:...

Fimmtudaginn 18. janúar var borinn fram þorramatur í skólanum. Allir nemendur og starfsfólk skólans komu saman í matsalnum þar sem þeir gengu að glæsilegu hlaðborði. Látið var vel af matnum og gengu allir saddir frá borðum.

Veitt voru verðlaun fyrir bestu þorrabotnana sem nemendur hafa samið í vikunni. Þar er áhugavert að sjá hve nemendur hafa gaman af að semja botna enda margir góðir sem skiluðu sér inn. Hér fyrir neðan má sjá þá botna sem urðu fyrir valinu sem bestu botnarnir.



1.-4. bekkur

Hertur fiskur, haus af kind og hangikjötið góða Þorrinn hefur mikinn vind það gerir alla óða.

Höfundur: Elísabet, 3. bekk

Þorraþrællinn 2018

Súra punga, saltað ket sit ég nú og borða. Einhver gefur frá sér fret gott er sér að forða.

Höfundur: Sunna Hlín, 6. bekk

5.-7. bekkur

Margt ég gott í magann fæ á miðjum þorra. Sé ég þig á þessum bæ á hestinum Orra.

Höf. Edda Margrét, 6. bekk



8.-10. bekkur

Súra punga, saltað ket sit ég nú og borða þú getur ekki farið fet þó fljótt þér viljir forða.

Höfundur: Gísella, 9. bekk



Skondnasti botninn

Hertur fiskur, haus af kind og hangikjötið góða. Að borða haus af kind er synd þarf að drífa mig, kartöflurnar sjóða.

Höf. Guðlaug Birta, 6. bekk



...:Sleðaferð:...



Nemendur í valgreininni Ípróttir og útvera skelltu sér út að renna á snjóbotum og sleðum, 21. nóvember sl. Það var ekki annað að sjá en að nemendur skemmtu sér konunglega í Olgeirsbrekku og nutu sín að fullu.



...:Myndir á heimasíðunni:...

Við minnum á að á heimasíðu skólans má finna myndir af leikritum á litlu jólnum.



...: Kvenfélagið Framtíðin í Ásahreppi færir skólanum gjöf ...:

Á nýju ári verður heldur betur hægt að baka pönnukökur í eldhúsi Laugalandsskóla. Hulda Brynjólfsdóttir, formaður Kvenfélagsins Framtíðarinnar færði skólanum nokkrar pönnukökupönnur að gjöf fyrir hönd félagsins. Þetta er kærkomin glaðningur sem á örugglega eftir að nýtast vel um ókomin ár.



Við þökkum kvenfélaginu Framtíðinni kærlega fyrir höfðinglega gjöf.

...: Listahátíð á Laugalandi ...:

Laugalandsskóli, Grunnskólinn á Hellu og Grunnskólinn á Hvolsvelli héldu saman listahátíð þriðjudaginn 24. janúar. Nemendum gafst tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum smiðjum. Það var félagsvist, vatnslitun, föndur, snyrtifræði, spuni, skák og tónlist. Fulltrúar allra skólanna fluttu síðan tónlistaratriði yfir síðdegishressingunni, sem spannaði lög frá Hárinu að okkar tíma.



Brynjar æfir sig á hljómborðið.



Nemendur í vatnslitun.



Verðlaunahafar í félagsvist.



Tónlistaratriði Laugalandsskóla.